



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Fundargerð

Fundur nr. 284 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn mánudaginn 12. október 2020 kl. 17:00. Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnað.
Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Dagskrá fundarins:

I. Skipulagsmál:

1. Austurhluti Víkur – Breyting á aðalskipulagi

Lögð er fram tillaga um breytingu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Breytingin á aðalskipulaginu í austurhluta Víkur er margþættu og fellst í eftirfarandi: stækkun íbúðarsvæðis ÍS7 til austurs, legu afleggjara af Austurvegi, breytt notkun á athafnasvæði A1, breytt notkun á hluta lónaðarsvæðis I1 og stækkun I2, breytt notkun hluta Verslunar- og þjónustusvæðis V36 í nýtt íbúðarsvæði ÍS8 og breyttir skilmálar fyrir V35.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og greinargerð í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 31. gr. sömu laga. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun skipulagstillöguna til yfirferðar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður auglýst.

2. Austurhluta Víkur – Deiliskipulagstillaga

Lögð er fram tillaga um deiliskipulag fyrir austurhluta Víkur.

Skipulagsnefnd leggur til að nýrri lóð norðan við Smiðjuveg 12, verði skipt upp í tvær lóðir og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið. A.ö.l. samþykkir Skipulagsnefnd fyrirbyggjandi tillögu og greinargerð í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 41. gr. sömu laga, samhliða breytingu á aðalskipulagi sama efnis

3. Deiliskipulag Vesturhluta Víkurþorps - Lýsing

Lagðar eru fram umsagnir við lýsingu deiliskipulags vesturhluta Víkurþorps.

Umsagnir við lýsingu vegna deiliskipulags fyrir Víkurþorps bárust frá Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Veðurstofa Íslands og Eigendur fasteignarinn að Víkurbraut 32 - Einar Kristinn Stefánsson og Ragnhildur Hrund Jónsdóttir. Umsagnir ræddar og skipulagsfulltrúa falið að vinna skipulagið áfram með ráðgjöfum. Skipulagsnefnd þakkar fyrir umsagnirnar. Nefndin telur að ekki séu forsendur fyrir því að biða með deiliskipulagsvinnu í vesturhluta þorpsins þar sem mikið sé í húfi að ljúka þeirri vinnu. Nefndin leggur þó áherslu á að tekið verði tillit til fyrirhugaðrar veglínu. Varðandi umsögn frá Ragnhildi og Einari bendir nefndin á að sólarlagsákvæði um rekstrarleyfi til gistingar fellur undir aðalskipulag. Skipulagsnefnd vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr.

585/2007: Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað.

Heimaginging verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggð.

Með nýrri reglugerð um veitinga og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c-lið 4.gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til gistingar í flokki II til 2022.

4. Austurvegur 16 – Erindi vegna umferðareyju

Jón Árni Ólafsson f.h. Ólíuverzlunar Íslands ehf. sendi til umræðu erindi varðandi umferðareyju á Austurvegi gegnt innkeyrslu að Austurvegi 16.

Við hömmun Vegagerðarinnar á Austurvegi var það haft að leiðarljósi að draga úr umferðarhraða og hættu á umferðarslysum. Umrædd tálmun inná lóð nr. 18 var liður í því. Skipulagsnefnd leggur til að gerð verði tilraun með að taka umræddan hluta umferðareyjunnar í burtu. Verði þetta til að auka slyshættu eða hefta umferð um Austurveg leggur nefndin til að þetta fyrirkomulag verði endurskodað.

5. Mánabraut 34

Skipulagsfulltrúi leggur fram tillögu að lóðamörkum fyrir lóð að Mánabraut 34.

Skiplagsnefnd frestar afgreiðslu málsins.

6. Deiliskipulag Ás og Hótel Dyrhólaey

Lagt er fram til kynningar bréf frá Skipulagsstofnun með athugasemdum vegna leyfisveitinga.


Fundi slitið klukkan 19:04




Drífa Bjarnadóttir



Guðrún Hildur Kolbeins



Óðinn Gíslason



Kristján Þórðarson



George Frumuselu



Jónas Erlendsson